



# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## **Mat á hæfi innheimtuaðila**

Verklag við hæfismat

**24. mars 2009**

## Inngangur

Fjármálaeftirlitið setur hér með fram lýsingu á verklagi við mat á hæfi innheimtuaðila við veitingu innheimtuleyfa.

Eftirtaldir teljast innheimtuaðilar í þessum verklagsreglum:

- einstaklingar sem sækja um og fengið hafa innheimtuleyfi; og
- lögaðilar sem sækja um og fengið hafa innheimtuleyfi.

Fjármálaeftirlitið kynnir hér þá fyrirætlun sína að taka upp sérstakt hæfismat við veitingu innheimtuleyfa og eftir atvikum við breytingar á þegar veittum innheimtuleyfum. Fáir lögaðili innheimtuleyfi taka hæfisskilyrði til framkvæmdastjóra eða yfirmanns innheimtustarfsemi lögaðilans. Auk þess að sérstakt hæfismat fari fram þegar nýr framkvæmdastjóri eða yfirmaður innheimtustarfsemi viðkomandi lögaðila tekur til starfa.

Í c. lið 1. mgr. 4. gr. innheimtulaga nr. 95/2008 er kveðið á um hæfi einstaklinga en um hæfi framkvæmdastjóra og yfirmanns innheimtustarfsemi lögaðila er fjallað um í 2. mgr. 4. gr., sbr. c. lið 1. mgr. 4. gr. nefndra laga. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að innheimtülögum er greint frá því að ákvæði c. liðar 1. mgr. 4. gr. eigi sér fyrirmynd í 2. mgr. 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Með vísan til framanritaðs er talið rétt að sömu kröfur séu gerðar til hæfi þeirra einstaklinga og framkvæmdastjóra eða yfirmanns innheimtustarfsemi lögaðila, sem veitt er innheimtuleyfi á grundvelli innheimtulaga, og gerðar eru í lögum um fjármálafyrirtæki.

Ríkari kröfur eru gerðar til hæfi framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja en gerðar eru til framkvæmdastjóra almennra hlutafélaga. Bæði er um að ræða kröfur er lúta að trúverðugleika auk krafna um faglegt hæfi viðkomandi, þ.e. að menntun, starfsreynsla og starfsferill viðkomandi sé með þeim hætti að tryggt sé að viðkomandi geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt.

Hluti af þeim skilyrðum sem sett eru fyrir veitingu innheimtuleyfis er að einstaklingur, eða eftir atvikum framkvæmdastjóri eða yfirmaður innheimtustarfsemi lögaðila teljist hæfur. Skorti á hæfi þessara aðila getur það leitt til synjunar á innheimtuleyfi. Missi nefndir aðilar hæfi sitt eftir að innheimtuleyfi hefur verið veitt getur það leitt til sviptingar innheimtuleyfis.

Fjármálaeftirlitið telur því afar mikilvægt að taka upp kerfisbundið mat á hæfi þessara aðila. Þess ber að geta að Fjármálaeftirlitið hóf framkvæmd svonefnds hæfismats á framkvæmdastjórum fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða í lok árs 2005, en slíkt mat hefur verið framkvæmt á váttryggingasviði frá árinu 1999. Hæfismatið hefur mælst vel fyrir og

hefur reynst gott tækifæri fyrir nýja framkvæmdastjóra til þess að setja sig vel inn í það regluverk sem gildir um starfsemi viðkomandi félaga.

Hæfismat samkvæmt framansögðu er framkvæmt með vísan til c. liðar 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 4. gr., sbr. c. lið 1. mgr. 4. gr. innheimtulaga, skyldu Fjármálaeftirlitsins til þess að hafa eftirlit með því að skilyrðum nefndra laga sé fullnægt, sbr. 15. og 16. gr. laganna, og 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinber eftirlit með fjármálastarfsemi.

## 1. Mat á hæfi

### 1.1. Hvenær hæfismat er framkvæmt

Við veitingu innheimtuleyfa og eftir atvikum við breytingar á þegar veittum innheimtuleyfum.

Þegar nýr framkvæmdastjóri eða yfirmaður innheimtustarfsemi lögaðila tekur til starfa.

### 1.2. Framkvæmd hæfismats

**Við veitingu innheimtuleyfis:** Matið fer þannig fram að Fjármálaeftirlitið boðar hlutaðeigandi einstakling, framkvæmdastjóra eða yfirmann innheimtustarfsemi lögaðila til fundar hjá Fjármálaeftirlitinu, áður eða í kjölfar veitingar innheimtuleyfis.

**Við breytingu á framkvæmdastjóra/yfirmanni innheimtustarfsemi:** Fjármálaeftirlitið mun innan 30 daga frá tilkynningu um að nýr framkvæmdastjóri eða yfirmaður innheimtustarfsemi lögaðila hefur tekið til starfa, sbr. 3. kafli verklýsingar þessarar, boða hlutaðeigandi til fundar hjá eftirlitinu.

Á fundinum verða rædd tiltekin ákvæði laga, reglugerða og reglna en með fundarboði verður sendur listi yfir umræðuefni sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt að viðkomandi kunni skil á. Almennt skal miðað við að aðili fái tvær vikur til undirbúnings.

Gögn sem viðkomandi þarf að skila til Fjármálaeftirlitsins fyrir hæfismat:

- Undirritaðri yfirlýsingu um að skilyrðum a. og b. liðar 1. mgr. 4. gr. innheimtulaganna sé fullnægt: *Yfirlýsing í tengslum við mat á hæfi vegna umsóknar um innheimtuleyfi;* og
- Skrifleg svör við spurningalista um hæfi: *Upplýsingagjöf fyrir umsækjanda um innheimtuleyfi.*

Gögnin eru aðgengileg á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Eftir fundinn mun Fjármálaeftirlitið leggja mat á hvort viðkomandi hafi sýnt fram á nægilega þekkingu á þeim lögum, reglugerðum og reglum sem rædd hafa verið og hvort hann teljist hæfur að öðru leyti með vísan til hæfisskilyrða innheimtulaga.

### *1.3. Niðurstöður hæfismats og endurtekning*

Fjármálaeftirlitið mun eins fljótt og við verður komið tilkynna viðkomandi og stjórn þess lögaðila sem sótt hefur um innheimtuleyfi um það skriflega hvort viðkomandi hafi staðist hæfismat, þó eigi síðar en innan 2 vikna frá því að fundur skv. 1.2. kafla verklýsingar þessarar hefur verið haldinn.

Ef viðkomandi hefur að mati Fjármálaeftirlitsins ekki sýnt fram á fullnægjandi þekkingu á þeim lögum, reglugerðum og reglum sem til umfjöllunar voru, skal gefa kost á því að matið verði endurtekið innan 4 vikna frá því að niðurstaða liggur fyrir.

Óski viðkomandi ekki eftir því að mat verði endurtekið, skal hann upplýsa Fjármálaeftirlitið um það skriflega innan ofangreindra tímamarka. Ef um nýjan framkvæmdastjóra eða yfirmann innheimtustarfsemi lögaðila er að ræða ber stjórn þegar í stað að grípa til fullnægjandi ráðstafana til þess að fullnægja skilyrðum laga um innheimtuleyfi og gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir þeim skriflega.

Ef viðkomandi hefur að mati Fjármálaeftirlitsins ekki sýnt fram á fullnægjandi þekkingu við endurtekningu mats, skv. 2. mgr. þessarar greinar, er það háð frekari ákvörðun Fjármálaeftirlitsins hvort honum verði gefinn kostur á því að endurtaka hæfismat og þá hvenær slík endurtekning geti farið fram. Almennt er þó ekki gert ráð fyrir að gefinn sé kostur á fleiri en tveimur tilraunum, nema sérstök rök leiði til annars. Ákvæði 2. ml. 3. mgr. þessarar greinar eiga einnig við í þeim tilvikum þegar viðkomandi hefur ekki sýnt fram á fullnægjandi þekkingu við endurtekningu mats.

## **2. Undanþágur frá hæfismati**

### *2.1. Einstaklingar*

Fjármálaeftirlitið veitir ekki undanþágur frá framkvæmd hæfismats nema í þeim tilvikum þegar viðkomandi einstaklingur hefur á síðastliðnum 12 mánuðum sótt um og fengið innheimtuleyfi og hefur verið talin fullnægja skilyrðum 1. mgr. 4. gr. innheimtulaga.

### *2.2. Framkvæmdastjóri/yfirmaður innheimtustarfsemi*

Fjármálaeftirlitið veitir ekki undanþágu frá framkvæmd hæfismats nema í þeim tilvikum þegar hlutaðeigandi hefur á síðastliðnum 12 mánuðum gegnt stöðu framkvæmdastjóra eða yfirmanns innheimtustarfsemi hjá lögaðila sem sótt hefur um og fengið innheimtuleyfi.

Viðkomandi þarf jafnframt á þeim tíma að hafa verið talinn fullnægja skilyrðum 1. mgr. 4. gr. innheimtulaga.

### *2.3. Umsókn um undanþágu frá hæfismati*

Í þeim tilvikum sem til greina kemur að veita undanþágu frá framkvæmd hæfismats ber viðkomandi aðila að sækja skriflega um undanþágu frá hæfismati. Hafi aðili á síðastliðnum 12 mánuðum skilað inn gögnum sem talin eru upp í 1.2. kafla hér að framan, þarf hann ekki að senda Fjármálaeftirlitinu þau gögn aftur, enda lýsi hann því yfir í bréfi til Fjármálaeftirlitsins að ekki hafi orðið breytingar á áður sendum upplýsingum.

## **3. Tilkynning um breytingu á framkvæmdastjóra/yfirmanni innheimtustarfsemi**

Rétt er að ítreka að innheimtuaðilar sem fengið hafa innheimtuleyfi ber að tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrirfram um breytingar á áður tilkynntum upplýsingum, þar á meðal breytingar á framkvæmdastjóra eða yfirmanni innheimtustarfsemi, sbr. 3. mgr. 10. gr. reglna nr. 1210/2008 um framkvæmd eftirlits með innheimtustarfsemi samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008.

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á mikilvægi þess að slíkar upplýsingar berist eftirlitinu innan eðlilegra tímamarka en geri þær það ekki kann að koma til þess að Fjármálaeftirlitið beiti þeim úrræðum sem það hefur lögum samkvæmt til þess að knýja á um skil upplýsinga, m.a. með beitingu dagsekta.